



Verkfraeðingafélag Íslands 1912-2012 100

Alþingi
Erindi nr. P 141/1597
komudagur 15.2.2013

Til nefndasviðs Alþingis

Reykjavík, 14. febrúar 2013

Athugasemdir Verkfraeðingafélags Íslands (VFI) við frumvarp til laga um náttúruvernd, þingskjal 537 — 429. mál. (Lagt fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012–2013.)

Verkfraeðingafélag Íslands (VFI) er fagfélag verkfraeðinga og samstarfsvettvangur til þess að efla meðal annars verkfraeðilega þekkingu og gæta hagsmuna félagsmanna.

VFI tekur undir þau sjónarmið sem hafa komið fram frá ýmsum hagsmunaaðilum eins og sveitarfélögum, Samorku, ASÍ o.fl. um að viðtæk sátt þurfi að nást um þessi lög og ekki sé æskilegt að vinna þau í ósátt eða flýti. Um mikilvæga lagasetningu er að ræða sem setur rammann um samskipti manns og náttúru.

Að þessu sögðu vill VFI benda á að ýmsar skilgreiningar í frumvarpinu á hugtökum eru óljósar og aðrar vantar, einnig eru sumar lagagreinar óskýrar. Þá telur VFI að ýmis ákvæði séu óframkvæmanleg, þannig að frá byrjun gæti reynst erfitt ef ekki ómögulegt að framfylgja þessum lögum.

Í ljósi ofangreinds hvetur VFI Alþingi til að hafna frumvarpinu í núverandi mynd og hefja ítarlegt samráð við hagsmunaaðila sem fyrst.

f.h. Verkfraeðingafélags Íslands.

Árni B. Björnsson, framkvæmdastjóri.